

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. nóvember 2007.

Efni: Þingsályktunartillaga um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélga.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem felur í sér að viðskiptaráðherra verði falið að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum.

Viðskiptaráð fagnar þessari tillögu og telur afar brýnt að ráðherra fari í þessa vinnu sem allra fyrst. Þrátt fyrir að ríkið hafi markvisst dregið sig úr samkeppnisrekstri undanfarin áratug er ljóst að lengi getur gott batnað. Ohf. væðingin virðist hafa litlu breytt um eðli samkeppnisrekstrar opinberra fyrirtækja og eftl slíkan rekstur ef eitthvað er, enda hafa skýr markmið um síðari sölu ekki fylgt umræddri væðingu.

Ráðið leggur til að ráðherra verði einnig falið að koma með tillögur að því hvernig unnt sé að draga úr núverandi samkeppnisrekstri á markvissan og skilvirkan hátt. Einnig telur ráðið mikilvægt að úttekt þessari fylgi nánari skoðun á þeim verkefnum þar sem ríki eða sveitarfélög njóta einkaréttar af einhverju tagi og það skoðað hvort aðilar atvinnulífsins gætu sinnt þeim verkefni jafnvel eða betur fyrir minna fé.

Að endingu telur ráðið rétt að benda á tilhneigingu þeirra ríkisstofnanna og fyrirtækja sem réttilega hafa verið dregin út úr samkeppnisrekstri til að finna sér nýja tekjustofna, jafnvel á öðrum samkeppnismörkuðum. Hvað þetta varðar má benda á Landmælingar Íslands, sem fjallað er um í greinargerð tillögunnar, en meginmarkmið nýrra laga um þá stofnun var að draga hana úr samkeppnisrekstri. Landmælingar hafa nú hafið rekstur á vef þar sem tiltekinn mælikvarði er notaður til að miðla upplýsingum, sem bersýnilega gengur í berhögg við ákvæði laganna. Þetta er einungis eitt dæmi um áðurnefnda tilhneigingu sem verður að sporna gegn. Eina leiðin til þess er að útgangspunktur tillagna til að draga úr samkeppnisrekstri verði sá að leggja niður viðkomandi stofnun frekar en að viðhalda henni í mýflugumynd.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs